

**1. fundur bæjarstjórnar í Sameinuðu sveitarfélagi Garðs og Sandgerðis  
haldinn í Ráðhúsinu í Garði, 20. júní 2018  
og hófst hann kl. 17:30**

**Fundinn sátu:**

Einar Jón Pálsson D- lista, Hólmfríður Skarphéðinsdóttir D- lista, Haraldur Helgason D- lista, Ólafur Þór Ólafsson J- lista, Laufey Erlendsdóttir J- lista, Fríða Stefánsdóttir J- lista, Magnús Sigfús Magnússon H- lista, Pálmi Steinar Guðmundsson H- lista, Daði Bergþórsson B- lista.

**Fundargerð ritaði:** Guðjón Þ. Kristjánsson,

Fyrsti fundur nýkjörinnar bæjarstjórnar að afloknum kosningum sem fram fóru 26. maí 2018.

Til fundarins var boðað af þeim bæjafulltrúa sem setið hefur lengst í bæjarstjórn og þar sem tveir hafa setið jafnlengi var boðað til fundarins af þeim er eldri er en það er Einar Jón Pálsson.

Leitaði hann eftir athugasemdum um fundarboð en engar komu fram.

Í upphafi fundar voru nýir bæjarfulltrúar boðnir velkomnir með ósk um gott og farsælt samstarf á kjörtímabilinu sem framundan er sem er það fyrsta í sögu hins nýja sveitarfélags.

**Dagskrá:**

**1. Málefнасamningur meirihluta D og J lista - 1806756**

Einar Jón Pálsson tilkynni að D- og J- listar hafa gert með sér samkomulag um samstarf í meirihluta bæjarstjórnar sameinaðs sveitarfélags Garðs og Sandgerðis kjörtímabilið 2018-2022.

Hann lagði fram eftirfarandi málefнасamning D- og J- lista:

Yfirlýsing um samstarf og áherslur D-lista og J-lista

D-listi Sjálfstæðismanna og óháðra og J-listi Jákvæðs samfélags taka höndum saman um það verkefni að stýra sameiginlegu sveitarfélagi Sandgerðisbæjar og Sveitarfélagsins Garðs kjörtímabilið 2018-2022. Samstarfið mun byggja til jafns á stefnuskrám beggja framboðslista þar sem áhersla verður lögð á að vel takist til við það verkefni að sameina tvö rótgróin samfélög í eitt. Til að það takist verður áhersla lögð á gott samstarf kjörinna fulltrúa, starfsmanna og bæjarbúa. Sérstaklega verður áhersla lögð á eftirtalin atriði um leið og stefnuskrár beggja lista liggja til grundvallar.

Velferðarmál

Unnið verði að því að uppbygging hjúkrunarheimilis komist á dagskrá í sveitarfélaginu með samþættingu við dagdvöl, heimaþjónustu og önnur búsetuúrræði fyrir aldraða í heimabyggð.

Þjónusta við eldri borgara þarf alltaf að vera í þróun þannig að hún verði með besta hætti hverju sinni. Tryggja þarf góða heimaþjónustu og aðgengi eldri borgara að heilsurækt.

Unnið verði að því að íbúar sveitarfélagsins hafi aðgang að heilsugæslu í heimabyggð. Að fólk með fötlun fái stuðning og þjónustu samkvæmt þeim lögum og reglum sem gilda og eigi þess kost að búa á eigin heimili.

## 1. fundur Bæjarstjórnar

Fjölmenningarstefna verði unnin fyrir sveitarfélagið.  
Jafnréttisstefna verði unnin fyrir sveitarfélagið.

Fræðslumál.

Áhersla verður lögð á leikskólamál með það að sjónarmiði að plássum fjölgi og ungbarnadeild verði opnuð sem fyrst.

Stutt verði við öfluga starfsemi grunnskólanna með því að byggja upp sérfræðipækkingu innan sveitarfélagsins og að skólastofnanirnar geti þróast og eflst í kennsluaðferðum og almennu skólastarfi. Í starfi skólanna verði sérstaklega litið til þess að nemendahópurinn er fjölþjóðlegur.

Samvinna og samlegð verði nýtt til að tryggja öfluga starfsemi tónlistarskóla í báðum byggðarkjörnum.

Íþróttir, frístundir og heilsuefling.

Áfram verður vel stutt við íþróttá- og félagsstarf í sveitarfélaginu og hlúð að starfsemi frjálsra félagasamtaka.

Hvatastyrkir verði fyrir börn til 18 ára aldurs og verði hækkaðir á kjörtímabilinu.

Bæta þarf aðstöðu til íþróttaiðkunar með nýju fjölnota íþróttahúsi sem gera þarf ráð fyrir í nýju aðalskipulagi og byrja að hanna á kjörtímabilinu.

Samgöngur milli byggðakjarna verða efldar og miðaðar að íþróttá- og tómskundaiðju. Styðja og efla ungmennaráð sem er málsvari ungs fólks í sveitarfélaginu.

Efla heilsuvernd, forvarnir og fræðslu með markvissum hætti.

Skipulagsmál

Nýtt aðalskipulag er eitt af stærstu verkefnum nýs sveitarfélags sem leggur grunninn að framtíð þess. Vinna við það mun hefjast strax í upphafi kjörtímabilsins með samtali og samvinnu við samfélagið og stefnt að því að fram fari samkeppni milli fagaðila um hönnun þess.

Lagður verður göngu- og hjólreiðastígur á milli byggðakjarnanna á kjörtímabilinu.

Ganga frá frárennismálum til frambúðar í báðum byggðarkjörnum.

Unnið verði eftir umferðaröryggisáætlunum sem þegar eru til.

Í samstarfi við ríkið þarf að tryggja breikkun vegarins milli byggðakjarnanna og að lokaáfangi Strandgötu verði kláraður.

Tryggja þarf að íbúðahúsnæði sé fjölbreytt í sveitarfélaginu og hugað að því við gerð skipulaga og við framboð lóða.

Sjá til þess að nægt framboð af lóðum sé fyrir stór sem smá fyrirtæki.

Umhverfismál

Stuðla að aukinni umhverfisvitund í samstarfi við íbúa, hagsmunasamtök og fyrirtæki.

Sveitarfélagið á að vera leiðandi í umhverfismálum og sýna gott fordæmi, m.a. með því að stuðla að aukinni flokkun sorps.

Unnin verði umhverfisstefna fyrir sveitarfélagið og starfað samkvæmt henni.

Haldið verði áfram að hreinsa standlengjuna í sveitarfélaginu í samstarfi við Bláa herinn og önnur félagasamtök.

Unnið verður af krafti að fegrin byggðakjarnanna og aukinni gróðursetningu.

Atvinnumál

Stærstu tækifærin í atvinnumálum í sveitarfélaginu eru í tengslum við uppbyggingu við Keflavíkurlflugvöll. Þá er mikilvægt að nýta betur þau tækifæri sem góð fiskihöfn í nágrenni við alþjóðlegan flugvöll gefur.

Skapa þarf aðstæður til að laða að nýsköpunar- og sprotafyrirtæki.

Uppbygging ferðaþjónustu verði í samræmi við markmið Reykjanes jarðvangs,

Geopark.

Menningarmál

Rækta og styðja þarf hið fjölbreytta lista-, og menningarlíf sem er þegar til staðar í sveitarfélaginu.

Stutt verður áfram við starfsemi Þekkingarseturs Suðurnesja, Náttúrstofu Suðvesturlands og Byggðasafnsins á Garðskaga.

Áfram þarf að standa vörð um merkilega sögu byggðakjarnanna m.a. með auknum og bættum merkingum og áframhaldandi endurbótum og uppbyggingu að Útskálum og á Sjólyst.

Fjármál og stjórnsýsla

Fjármálastjórnun verður ábyrg og fjárfestingar munu taka mið af getu sveitarfélagsins.

Álögum á íbúa og fyrirtæki verður haldið í lágmarki í takt við fjárhagsgetu sveitarfélagsins.

Stjórnsýslan skal vera opin og gagnsæ og aukin áhersla lögð á að hún verði rafræn.

Heimasíða sveitarfélagsins verður virkjuð betur svo íbúar eigi enn betri leið til að koma ábendingum og skoðunum á framfæri.

Staða bæjarstjóra verður auglýst og ráðið í hana út frá faglegum forsendum.

Það á að vera eftirsóknarvert að starfa fyrir sveitarfélagið og það verður best gert með virkri starfsmannastefnu.

Staðinn verður vörður um hagsmuni sveitarfélagsins og íbúa þess gagnvart ríki og öðrum þeim aðilum sem því tengjast og þess gætt að röddin verði sterk og heyrist víða.

Hraður vöxtur á Suðurnesjum kallar á að ríkisvaldið komi að borðinu með aukið fjármagn til stofnana og verkefna á Suðurnesjum svo sem löggæslu, framhaldsskóla, heilsugæslu og sjúkraflutninga.

Til máls tóku: EJP, LE, DB, HS, ÓPÓ, MSM, HH, PSG, FS.

*Afgreiðsla:*

*Lagt fram til kynningar.*

## 2. Kjör forseta og fyrsta og annars varaforseta bæjarstjórnar - 1806757

Samanber 7. gr. samþykktar um stjórn Sameinaðs sveitarfélags Sandgerðis og Garðs nr. 450/2018.

A) Kjör um forseta bæjarstjórnar sbr. 7. gr. samþykktar um stjórn stjórn Sameinaðs sveitarfélags Sandgerðis og Garðs nr. 450/2018.

Fram kom tillaga frá meirihluta D- og J- lista um Einar Jón Pálsson sem forseta bæjarstjórnar.

B) Kjör um fyrsta og annan varaforseta bæjarstjórnar sbr. 7. gr. samþykktar um stjórn stjórn Sameinaðs sveitarfélags Sandgerðis og Garðs nr. 450/2018.

Fram kom tillaga frá meirihluta D- og J- lista um Ólaf Þór Ólafsson sem fyrsta varaforseta bæjarstjórnar.

C) Kjör um fyrsta og annan varaforseta bæjarstjórnar sbr. 7. gr. samþykktar um stjórn stjórn Sameinaðs sveitarfélags Sandgerðis og Garðs nr. 450/2018.

Fram kom tillaga frá meirihluta D- og J- lista um Magnús Sigfús Magnússon sem annan varaforseta bæjarstjórnar.

Til máls tóku:

## 1. fundur Bæjarstjórnar

A) Kjör um forseta bæjarstjórnar sbr. 7. gr. samþykkt um stjórn stjórn Sameinaðs sveitarfélags Sandgerðis og Garðs nr. 450/2018.  
Tillaga frá meirihluta D- og J- lista um Einar Jón Pálsson sem forseta bæjarstjórnar.

Afgreiðsla:

Tillagan er samþykkt með sex atkvæðum D- og J- lista, fulltrúar B- og H-lista sitja hjá.

B) Kjör um fyrsta og annan varaforseta bæjarstjórnar sbr. 7. gr. samþykkt um stjórn stjórn Sameinaðs sveitarfélags Sandgerðis og Garðs nr. 450/2018.  
Tillaga frá meirihluta D- og J- lista um Ólaf Þór Ólafsson sem fyrsta varaforseta bæjarstjórnar.

Afgreiðsla:

Tillagan er samþykkt með sex atkvæðum D- og J- lista, fulltrúar B- og H-lista sitja hjá.

C) Kjör um fyrsta og annan varaforseta bæjarstjórnar sbr. 7. gr. samþykkt um stjórn stjórn Sameinaðs sveitarfélags Sandgerðis og Garðs nr. 450/2018.  
Tillaga frá meirihluta D- og J- lista um Magnús S. Magnússon sem annan varaforseta bæjarstjórnar.

Afgreiðsla:

Tillagan er samþykkt með átta atkvæðum D- J- og H- lista, fulltrúi B- lista situr hjá.

## 3. Kosning í bæjarráð - 1806758

A) Kosning í bæjarráð sbr. 26. gr. og 44. gr. samþykktar um stjórn Sameinaðs sveitarfélags Sandgerðis og Garðs nr. 450/2018.

Eftirtaldir listar komu fram:

Frá D-lista og J- lista:

1. Ólafur Þór Ólafsson J-lista.
2. Hólmfríður Skarphéðinsdóttir D-lista.
3. Laufey Erlendsdóttir J-lista.
4. Einar Jón Pálsson D-lista.

Í samræmi við 3. mgr. 47. gr. sveitarstjórnalaga nr. 138/2011 munu varamenn á listanum, sem eru þar fulltrúar sama flokks eða framboðslista og sá aðalmaður í nefnd sem um ræðir, taka sæti hans í nefndinni í þeirri röð sem þeir voru kosnir án tillits til þess hvar þeir annars eru í röð varamanna.

Frá H-lista:

1. Magnús Sigfús Magnússon
2. Pálmi Steinar Guðmundsson

Frá B-lista:

1. Daði Bergþórsson
2. Álfhildur Sigurjónsdóttir

B) Kosið var um formann og varaformann bæjarráðs sbr. 26. gr. samþykktar um stjórn Sameinaðs sveitarfélags Sandgerðis og Garðs nr. 450/2018.  
Lögð var fram tillaga D- og J-lista um að Ólafur Þór Ólafsson verði formaður bæjarráðs og Hólmfríður Skarphéðinsdóttir varaformaður.

Til máls tóku: EJP, MSM, ÓPÓ, DB.

*Afgreiðsla:*

*Bæjarráð skipa Ólafur Þór Ólafsson (J), Hólmfríður Skarphéðinsdóttir (D) og Magnús S. Magnússon (H).*

*Varamenn eru Laufey Erlendsdóttir (J), Einar Jón Pálsson (D) og Pálmi Steinar Guðmundsson(H). Var það samþykkt samhljóða.*

*B-listinn tilnefnir Daða Bergþórsson sem áheyrnarfulltrúa í bæjarráði og Álfhildi Sigurjónsdóttir sem varaáheyrnarfulltrúa. Var það samþykkt samhljóða.*

*B)Tillaga D- og J-lista um að Ólafur Þór Ólafsson verði formaður bæjarráðs og Hólmfríður Skarphéðinsdóttir varaformaður var samþykkt með atkvæðum D- og J- lista. Fulltrúar B- og H- lista sátu hjá.*

#### **4. Kosning í fastanefndir - 1806759**

Samanber 32. gr. og 44. gr. samþykktar um stjórn Sameinaðs sveitarfélags Sandgerðis og Garðs nr. 450/2018.

Forseti lagði fram fram tillögu D- og J-lista um frestun á kosningu í nefndir til næsta fundar bæjarstjórnar sem verður 4 júlí næstkomandi, vegna breytinga á samþykktum, samanber 6. mál á dagskrá þessa fundar.

Til máls tók: EJP.

*Afgreiðsla:*

*Tillaga forseta var samþykkt samhljóða.*

#### **5. Ráðning bæjarstjóra - 1806760**

Lögð fram tillaga D- og J-lista um að staða bæjarstjóra verði auglýst laus til umsóknar. Leitað var tilboða í ráðningarferlið frá Capacent, Hagavangi og Intellecta og lagt til að samið verði við Hagvang sem er með hagstæðasta tilboðið að upphæð kr. 500.00,-. Með samþykki allra lista í bæjarstjórn birtist auglýsingin 16. júní með það að markmiði að ferlið gangi hraðar fyrir sig.

Þá lagði Ólafur Þór Ólafsson fram tillögu D- og J-lista að samið verði við Róbert Ragnarsson, kt. 240376-3509, um að verða starfandi bæjarstjóri þar til nýr bæjarstjóri tekur til starfa. Róbert hefur unnið með undirbúningsstjórninni að sameiningunni og þekki því vel til allra mála og getur haldið ferlinu gangandi. Hann þekkir vel til starfa bæjarstjóra og hefur gefið það út að hann muni ekki sækja um bæjarstjórastöðuna og því er þessi tímabundna ráðning talin góður kostur. Forseta bæjarstjórnar er falið að ganga frá samkomulagi við Róbert.

Til máls tóku: EJP, ÓPÓ, DB, PSG, HS, MSM.

*Afgreiðsla:*

*Tillaga D- og J- lista um að staða bæjarstjóra verði auglýst laus til umsóknar og samið verði við Hagvang um að annast ráðningarferlið var samþykkt með sjöatkvæðum D-, B- og J- lista. Fulltrúar H- lista sátu hjá.*

*Tillaga D- og J-lista þess efnis að samið verði við Róbert Ragnarsson, kt. 240376-3509, um að verða starfandi bæjarstjóri þar til nýr bæjarstjóri tekur til starfa var samþykkt með sjö atkvæðum D-, B- og J- lista. Fulltrúar H- lista sátu hjá.*

#### **6. Samþykkt: stjórn sameinaðs sveitarfélags Sandgerðis og Garðs - 1806761**

Tillögur um breytingar á samþykkt.

Ólafur Þór Ólafsson lagði fram tillögu D- og J-lista um eftirfarandi breytingar á Samþykkt um stjórn sameinaðs sveitarfélags Sandgerðisbæjar og Sveitarfélagsins Garðs.

Lögð er til breyting á 44. gr. B-lið þar sem Fræðslu- og frístundaráði er skipt upp í 3 ráð, Fræðsluráð, Íþróttá- og tómstundaráð og síðan Ferða- safna- og menningaráð. Jafnframt er lagt til að stofnað verði Hafnarráð sem áður var ætlað sem hluti af bæjarráði.

Þá er lagt til að fulltrúum í Ungmennaráði verði fjölgað úr 7 í 9 til að fleiri eigi fulltrúa í því ráði.

Samhliða þessum breytingum breytist 31. gr. &bdquo;Verkefni bæjarráðs&ldquo;, þar sem málefni Sandgerðishafnar voru áður.

Eftir breytingar verða greinarnar eftirfarandi:

31. gr.

Verkefni bæjarráðs.

Bæjarráð fer ásamt bæjarstjóra með framkvæmdastjórn sveitarfélagsins og fjármálastjórn að því leyti sem slík stjórn er ekki öðrum falin.

Bæjarráð hefur eftirlit með stjórnarsýslu sveitarfélagsins og fjármálastjórn þess, semur drög að fjárhagsáætlun og viðaukum við hana og leggur þau fyrir bæjarstjórn.

Þá sér bæjarráð um að ársreikningar sveitarfélagsins séu samdir reglum samkvæmt og lagðir fyrir bæjarstjórn til meðferðar og afgreiðslu svo sem sveitarstjórnarlög mæla fyrir um.

Bæjarráð í umboði bæjarstjórnar semur kjörskrá vegna almennra kosninga, fjallar um athugasemdir, gerir nauðsynlegar leiðréttingar og úrskurðar um ágreiningsmál sem upp kunna að koma fram að kjördegi.

Bæjarráð fer með verkefni jafnréttisnefndar skv. 12. gr. laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 10/2008.

Bæjarráð fer með málefni atvinnumála.

Fundargerðir sem ekki þarfnast staðfestingar bæjarstjórnar eru lagðar fram í bæjarráði.

Fundargerðir fastanefnda skulu þó ávallt vera lagðar fram í bæjarstjórn.

Bæjarráð gerir tillögur til bæjarstjórnar um afgreiðslu einstakra mála sem það fær til meðferðar.

Bæjarráði er heimil fullnaðarákvörðun mála sem eigi varða verulega fjárhag sveitarstjórnar eða stofnana hans, enda sé eigi ágreiningur innan ráðsins eða við framkvæmdastjóra um ákvörðunina, en meðan sveitarstjórn er í sumarleyfi fer bæjarráð með sömu heimildir og sveitarstjórn hefur ella. Þá er heimilt að fela bæjarráði fullnaðarafgreiðslu einstakra mála sem samkvæmt samþykktum sveitarfélagsins hafa áður komið til umfjöllunar annarra nefnda sveitarstjórnar.

44. gr.

Fastanefndir, aðrar nefndir, stjórnir og ráð sem sveitarfélagið á aðild að. Bæjarstjórn kys í eftirtaldir nefndir, ráð og stjórnir:

A. Til eins árs. Á fundi í júní ár hvert:

1. Bæjarráð, sbr. 36. gr. sveitarstjórnarlaga og 26. gr. samþykktar þessarar.

B. Til fjögurra ára. Á fyrsta fundi að afloknum bæjarstjórnarkosningum:

1. Fræðsluráð. Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara. Ráðið annast þau störf sem bæjarstjórn felur ráðinu á sviði fræðslumála ásamt því að fara með verkefni skólanefnda, sbr. 6. gr. laga um grunnskóla nr. 91/2008, málefni tónlistarskóla sbr. 2.

gr. laga um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla nr. 75/1985, og verkefni leikskólastjórnar skv. 4. gr. laga um leikskóla nr. 90/2008. Nánar um störf nefndarinnar fer samkvæmt erindisbréfi sem bæjarstjórn setur henni.

2. Íþróttá- og tómstundaráð. Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara. Ráðið annast þau

## 1. fundur Bæjarstjórnar

störf sem bæjarstjórn felur ráðinu á sviði íþróttá, tómstunda og forvarna. Nánar um störf nefndarinnar fer samkvæmt erindisbréfi sem bæjarstjórn setur henni.

3. Ferða-, safna- og menningarráð. Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara. Ráðið annast þau störf sem bæjarstjórn felur ráðinu á sviði ferða-, safna- og menningarmála ásamt því að fara með verkefni bókasafnsstjórnar skv. 8. gr. bókasafnalaga nr. 150/2012.

Nánar um störf nefndarinnar fer samkvæmt erindisbréfi sem bæjarstjórn setur henni.

4. Fjölskyldu- og velferðarráð. Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara. Ráðið annast þau störf sem bæjarstjórn felur ráðinu á sviði fjölskyldumála og velferðar ásamt því að fara með verkefni barnaverndarnefndar skv. III. kafla barnaverndarlaga nr. 80/2002 og félagsmálanefndar skv. 5. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991. Nánar um störf nefndarinnar fer samkvæmt erindisbréfi sem bæjarstjórn setur henni.

5. Framkvæmda- og skipulagsráð. Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara. Ráðið annast þau störf sem bæjarstjórn felur ráðinu á sviði framkvæmda-, umhverfis- og skipulagsmála ásamt því að fara með verkefni skipulagsnefndar skv. 6. gr.

skipulagslaga nr. 123/2010, byggingarnefndar skv. 7. gr. laga um mannvirki nr.

160/2010, húsnæðisnefndar skv. 6. gr. laga um húsnæðismál nr. 44/1998, umferðarnefndar skv. 116. gr. umferðarlaga nr. 50/1987, gróðurverndarnefndar skv.

19. gr. laga um landgræðslu nr. 17/1965 og náttúruverndarnefndar skv. 14. gr. laga um náttúruvernd nr. 60/2013. Nánar um störf nefndarinnar fer samkvæmt erindisbréfi sem bæjarstjórn setur henni.

6. Hafnarráð. Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara. Ráðið annast þau störf sem bæjarstjórn felur ráðinu á sviði hafnarmála ásamt því að fara með verkefni hafnarráðs Sandgerðishafnar skv. 10. gr. hafnalaga nr. 61/2003. Nánar um störf nefndarinnar fer samkvæmt erindisbréfi sem bæjarstjórn setur henni

7. Kjörstjórn við sveitarstjórnar- og alþingiskosningar. Þrjú aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 14. gr. laga um kosningar til sveitarstjórna nr. 5/1998 og 15. gr. laga um kosningar til Alþingis nr. 24/2000.

8. Bílastæðasjóður. Stjórn sjóðsins er skipuð þrem fulltrúum, sbr. 1. gr. samþykktu um Bílastæðasjóð Sandgerðisbæjar frá 11. apríl 2013.

9. Ungmennaráð. Ráðið er skipað níu fulltrúum til tveggja ára í senn sbr. samþykktu um ungmennaráð sameinaðs sveitarfélags Sandgerðisbæjar og Sveitarfélagsins Garðs.

Daði Bergþórsson lagði fram tillögu B-lista um eftirfarandi breytingar á Samþykktu um stjórn sameinaðs sveitarfélags Sandgerðisbæjar og Sveitarfélagsins Garðs:

Fundir bæjarstjórnar og fundarsköp.

8. gr.

Fundir bæjarstjórnar.

Bæjarstjórn heldur reglulega fundi bæjarstjórnar í ráðhúsi sveitarfélagsins á virkum degi í fyrstu viku hvers mánaðar og skulu þeir hefjast kl 17:00. Bæjarstjórn ákveður á fyrsta fundi sínum hvaða dag vikunnar bæjarstjórnarfundir fara fram.

Aukafundi skal halda þegar forseti bæjarstjórnar eða bæjarstjóri telur það nauðsynlegt eða ef þriðjungur bæjarfulltrúa óskar þess.

Drög að nýrri málsgrein 8. gr.

Bæjarstjórn heldur reglulega fundi bæjarstjórnar í ráðhúsi sveitarfélagsins fyrsta þriðjudag hvers mánaðar og skulu þeir hefjast kl 17:00

Til máls tóku: EJP, ÓPÓ, DB.

1. fundur Bæjarstjórnar

*Afgreiðsla:*

*Tillögum D- og J- lista um breytingar á Samþykkt um stjórn sameinaðs sveitarfélags Sandgerðisbæjar og sveitarfélagsins Garðs er vísað samhljóða til síðari umræðu og afgreiðslu á fundi bæjarstjórnar 4. júlí 2018.*

*Tillögum B- lista um breytingar á Samþykkt um stjórn sameinaðs sveitarfélags Sandgerðisbæjar og sveitarfélagsins Garðs er vísað samhljóða til síðari umræðu og afgreiðslu á fundi bæjarstjórnar 4. júlí 2018.*

**7. Siðareglur bæjarstjórnar - 1806795**

Lögð fram tillaga D- og J-lista um að bæjarstjórn feli bæjarráði að vinna drög að siðareglum bæjarstjórnar sem verði lögð fyrir bæjarstjórn til umræðu og samþykktar.

Til máls tóku: EJP, ÓPÓ.

*Afgreiðsla:*

*Bæjarstjórn felur bæjarráði samhljóða að vinna drög að siðareglum bæjarstjórnar sem verði lögð fyrir bæjarstjórn til umræðu og samþykktar.*

**8. Innkaupareglur - 1806800**

Lögð fram tillaga D- og J-lista um að bæjarstjórn feli bæjarráði að vinna tillögu að innkaupareglum fyrir Sameiginlegt sveitarfélag Sandgerðis og Garðs sem verður lögð fyrir fund bæjarstjórnar í september 2018.

Til máls tók: EJP.

*Afgreiðsla:*

*Bæjarstjórn felur bæjarráði samhljóða að vinna tillögu að innkaupareglum fyrir Sameiginlegt sveitarfélag Sandgerðis og Garðs sem verður lögð fyrir fund bæjarstjórnar í september 2018.*

**9. Gjaldskrár sveitarfélagsins - 1806803**

Lögð fram tillaga D- og J-lista um að bæjarstjórn feli bæjarráði að vinna tillögu að gjaldskrár fyrir Sameiginlegt sveitarfélag Sandgerðis og Garðs sem verður lögð fyrir fund bæjarstjórnar í september 2018.

Til máls tók: EJP.

*Afgreiðsla:*

*Bæjarstjórn felur bæjarráði samhljóða að vinna tillögu að gjaldskrár fyrir Sameiginlegt sveitarfélag Sandgerðis og Garðs sem verði lögð fyrir fund bæjarstjórnar í september 2018.*

**10. Gjaldskrá Sandgerðishafnar - 1806805**

Lögð fram tillaga D- og J-lista um að bæjarstjórn staðfesti nógildandi gjaldskrá Sandgerðishafnar og skal hún gilda út árið 2018.

Til máls tók: EJP

*Afgreiðsla:*

*Bæjarstjórn staðfesti nógildandi gjaldskrá Sandgerðishafnar samhljóða og skal hún gilda út árið 2018.*

**11. Þóknun kjörinna fulltrúa og nefndarlaun - 1806809**



## 1. fundur Bæjarstjórnar

Lögð fram tillaga D- og J-lista um að bæjarstjórn feli bæjarráði að vinna tillögu að þóknun kjörinna fulltrúa og að nefndalaunum hjá Sameiginlegu sveitarfélagi Sandgerðis og Garðs sem verði lögð fyrir fund bæjarstjórnar í ágúst 2018.

Til máls tók: EJP.

*Afgreiðsla:*

*Bæjarstjórn felur bæjarráði samhljóða að vinna tillögu að þóknun kjörinna fulltrúa og að nefndalaunum hjá Sameiginlegu sveitarfélagi Sandgerðis og Garðs sem verði lögð fyrir fund bæjarstjórnar í ágúst 2018.*

## **12. Fundaáætlun bæjarstjórnar og bæjarráðs - 1806867**

Forseti lagði fram tillaga um fundaráætlun bæjarstjórnar og bæjarráðs tímabilið júní 2018 til júní 2019.

Til máls tóku: EJP, DB, ÓÞÓ.

*Afgreiðsla:*

*Tillaga um fundaráætlun bæjarstjórnar og bæjarráðs tímabilið júní 2018 til júní 2019 er frestað til næsta fundar bæjarstjórnar.*

*Næsti fundur bæjarráðs er þó álkveðinn miðvikudaginn 27. júní kl. 16:00 og fer hann fram í Vörðunni í Sandgerði.*

**Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 19:30.**